

Dags eftirlits	30.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	7112032140	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit. Einni ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Nesbúegg ehf. á Vatnsleysuströnd, Stefán Már Símonarson var fulltrúi rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson var frá Umhverfisstofnun.

Nesbúegg ehf. er með starfsleyfi sem gefið var út af heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis og gildir það til 2025. Starfsleyfið tekur til eldis á allt að 65.000 fuglum til framleiðslu á kjöti til mannelis eða eggjum og útungunarstöðvar en ekki til reksturs á sláturhúsi.

Dagskrá fundar:

1. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
2. Staða frávíka og ábendinga fyrri ára.
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja
5. BAT kröfur
6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
7. Umgengni á lóðum og aðkoma.
8. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
9. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Olíumannvirki

Rekstraraðili er með einn skráðan neyslugeymi undir hráolíu. Geymir nr. 02MM8823. Annar olíugeymir er á lagersvæði félagsins en honum verður fargað. Eins eru varaafstöðvar með innbyggða eldsneytisgeyma. Fullnægjandi gögn hafa borist.

2. Staða frávíka og ábendinga fyrri ára

Öllum fyrri frávikum (4) hefur verið lokað.

Ábendingar snéru að fyrirkomulagi frárennslis frá búinu og að uppfæra lagnateikningar. Þessu er lokið farsællaga. Eins var ábending sem snéri að söfnun dauðfugls í áhættuflokki 2 (sjálfdaur), merkingu gáma og förgun hræja. Enn er bent á að gámar fyrir sjálfdaudan fugl skal vera merktur eftir forskrift Matvælastofnunar.

Úrgangur frá búinu fer í brennslu í Kólku sorpeyðingastöð sf.

3. Kröfur í starfsleyfi

Í starfsleyfi er gerð krafa um skráningar á helstu umhverfisþáttum búins, viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, tæmingu rotþróa, losun seyru og dreifingu hæsnaskíts. Skrá skal magn og förgun spilliefna og úrgangs. Eins skal skrá atvik, óhöpp og kvartanir sem berast vegna rekstursins.

Kvittunum er safnað og notaðar vegna skráninga á innkaupum, m.a. hættulegum efnum. Eins vegna förgunar verktaka á úrgangi frá búinu.

Skoðaðar voru viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

4. Verkferill vegna förgunar á sjálfdaudum og sóttmenguðum dýrahæjum

Verkferill vegna förgunar á aukaafurðum dýra og afleiddra afurða (ABP) var kynntur. Umhverfisstofnun hefur aðkomu þegar sótt er um undanþágu ef urða þarf áhættuvefi. Ræddar voru kröfur til merkinga á ílátum (gámum) undir sjálfdaudan fugl og hvernig skal tryggja að verktakar við flutning og förgun úrgangs sé upplýstur um sérkröfur til áhættuvefja.

5. BAT kröfur

Áætlun rekstraraðila og staða gagnvart nýjum kröfum sem koma til við innleiðingar á bestu aðgengilegu tækni (BAT

niðurstöður) liggur fyrir.

Gagnvart BAT1 (umhverfisstjórnunarkerfi) þá verður umhverfisstjórnun rekstraraðila sambætt gæðakerfi fyrirtækisins.

Gagnvart BAT2 þá er búið vel í sveit sett, staðsett á landbúnaðarsvæði og starfsmenn fá þjálfun í störfum sínum. Útfærðar verða áætlanir sem krafa er um, þær dagsettar og gefið útgáfunúmer.

Mætt verða kröfum um geymslu og förgun sjálfdaðra fugla ásamt merkingu á ílátum sem notuð eru.

Gagnvart BAT3-4 þá eru notaðar viðurkenndar fóðrunaraðferðir sem lágmarka köfnunarefni í hæsnaskít. Sama á við um lágmarkun á losun fosfórs í hæsnaskíts.

Gagnvart BAT5 þá notar búið vatn úr eigin borholu og vatnsnotkun er skráð. Heitt vatn fer um mæli og er notkun skráð. Vatnsnotkun er stýrt og lágmarkuð með nýlegum búnaði.

Gagnvart BAT6-7 þá eru ofanvatn aðskilið frá frárennsliskerfi búans sem fer í rotprær.

Gagnvart BAT8 þá eru ný loftræstikerfi með sjálfvirkum skynjurum sem nýta orku vel. Hús eru einöngruð og orkusparandi lýsing hefur verið sett upp.

Gagnvart BAT9-10 þá eru nýir og betri mótórar í loftræstikerfum og engar hávaðakvartanir hafa borist vegna starfseminnar.

Gagnvart BAT11 þá er notað kögglað fóður til þess að draga úr rykmengun. Gróft sag er notað á gólf og rykskiljur eru á fóðursílóum.

Gagnvart BAT12-13 þá eru gólf þurr (hituð) til þess að draga úr lyktarmengun. Skítur er fluttur úr húsum á færiböndum og stór hluti fer beint í dreifingu burt frá búinu. Lokaður mykjupoki er á búinu.

Gagnvart BAT14 þá er hæsnaskítur hafður eins þurr og hægt er til þess að draga úr myndun ammoníaks.

Gagnvart BAT20 þá er dreifingarátætlun útbúin fyrir ár í senn og dreift samkvæmt henni. Einungis er heimilt að dreifa skít á tímabilinu frá 1. mars til 1. nóvember ár hvert.

Gagnvart BAT24 þá skal taka sýni af hæsnaskít á þriggja ára fresti til þess að ákvarða magn köfnunarefnis og fosfórs í skítum.

Gagnvart BAT31 er skítur fluttur úr húsum tvisvar í viku með færiböndum (80%) og afgangi (20%) mokað út eftir þörfum. Skítur er þurr enda gólfhiti í húsunum.

6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.

Við þrif á húsum eru notaðar sápur og sóthreinsivörur. Lítið magn hættulegra efna er í efnageymslum.

7. Skoðun

Utandyra er snyrtilegt um að litast. Neðan búans er stór mykjupoki í þró og geymslusvæði búans þar til hliðar. Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni og aðkomu að búinu.

8. Tiðni eftirlita Umhverfisstofnunar á búinu.

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2019 fékkst út einkunnin 11 og því eftirlit annað hvert ár. Því var ekki eftirlit á árinu 2020. Nú var farið yfir málið í annað skipti. Úrvinnslu er ekki lokið og niðurstöður verða sendar rekstraraðila í lok ársins.

9. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið síðan síðast var komið í eftirlit. Engar kvartanir hafa heldur borist.

Grænt bókhald Nesbúeggja vegna Hlöðunes fyrir árið 2020 hefur borist.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að fá réttar merkinga á ílát undir geymslu áhættuvefja og koma uppýsingum um flutning og förgun áhættuvefja til verktaka sem vinna við tæmingu geymslugáma á búinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.06.2021



Gottskálk Friðgeirsson